

- e) Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna . 1.100
 f) Ýmsar útgáfur í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ. á m. íslensk lög og
 reglugerðir í erlendri þýðingu, eintak allt að 20 síður 200

VI KAFLI Ýmis ákvæði.

12. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram. Gjöld skv. 1. tl. og 3.–5. tl. 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 8. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 5., 6. og 7. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 459 17. desember 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1993.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að leyfa til reynslu akstur vinnuvéla um Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar um eina akrein frá kl. 21.00 til 07.00.
2. að banna bifreiðastöður við Þverholt að austanverðu, norðan Stórholtis.
 Ákvörðun þessi tekur gildi 28. desember 1993.

1. að banna u-beygju á mótum Geirsgötu og Pósthússtrætis.
2. að banna vinstri beygju á gatnamótum Bústaðavegar og Efstaleitis.
3. að einstefna verði á Lindargötu milli Vitastígs og Frakkastígs og tvístefna verði á Vitastíg milli Hverfisgötu og Skúlagötu.
 Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. desember 1993.

Böðvar Bragason.